

Bandaríkjastjórn knýr Króata til að semja við múslima um sambandsríki í Bosníu

Stórt skref í átt til friðar eða skammgóður vermir?

SAMKOMULAG múslima og Króata í Bosníu um stofnun sambandsríkis virðist sigur fyrir Bandaríkjastjórn, sem hóf ekki bein afskipti af friðarumleitunum í Bosníudeilunni fyrr en eftir að friðarviðræðurnar á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins runnu út í sandinn í síðasta mánuði. Samkomulagið gæti reynst mikilvægt skref í átt til friðar og upphafið að nýrri Bosníu. Jafnvel samningamenn Bandaríkjastjórnar hafa þó látið í ljós efasemdir um að samkomulagið verði til þess að binda enda á stríðið í Bosníu, sem hefur kostað um 200.000 manns lífið.

Samkomulagið var undirritað í Washington á þriðjudegskvöld og það kveður á um að yfirráðasvæði múslima og Króata, þ.e. um þriðjungur Bosníu, verði sameinuð í sambandsríki. Gert er ráð fyrir að ríkið skiptist í kantónur, sem fá allmikil völd, og verði í laustengdu ríkjasambandi við Króatíu. Tengsl ríkjanna eiga einkum að vera efnahagsleg, auk þess sem landamæri þeirra verða opin til að tryggja landluktri Bosníu aðgang að Adríahafi.

Samkomulaginu er ætlað að binda enda á átök Króata og múslima og auka líkurnar á því að Bosnía verði nógu stórt ríki til að geta haldið pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði sínu þegar fram líða stundir.

Króötum settir úrslitakostir

Bandaríkjamenn segja að hótun Atlantshafsbandalagsins (NATO) um að gera loftárásir á serbeska umsátursliðið í grennd við Sarajevo hafi skapað kjörið tækifæri til knýja fram friðarsamkomulag. Embættismenn í Washington segja að Bandaríkjastjórn hafi í raun sett króatískum stjórnvöldum úrslitakosti, eins og serbeska umsátursliðinu í grennd við Sarajevo.

Króatísku stjórninni var sagt að gleyma áformum sínum um að innlima yfirráðasvæða Bosníu-Króata í Króatíu. Króötum var



Reuter

Varfærnislegt endurreisnarstarf

Úkraínskur friðargæsluliði miðar á skotbyrgi serbeskra leyniskyttna í grennd við Sarajevo á meðan starfsmenn borgarinnar gera við járnbrautarteina.

einnig gert ljóst að ef þeir semdu við múslima myndu þeir hagnast á því efnahagslega, en ef þeir gerðu það ekki ættu þeir yfir höfði sér einangrun og jafnvel efnahagslegar refsiaðgerðir.

Þetta hafði greinilega áhrif. „Það er ekkert sem jafnast á við hina miklu síðferðislegu forystu Bandaríkja,“ sagði Mate Granic, utanríkisráðgjafi Króatíu, þegar hann undirritaði samkomulagið fyrir hönd stjórnar sinnar.

Serbar knúðir til að friðmælast?

Serbum var ekki boðið til friðarviðræðna í Washington, þótt þeir hefðu um 70% landsvæðanna í Bosníu á valdi sínu. Viðbrögð þeirra við samkomulaginu einkenndust af tortryggni, enda ótt-

ast þeir að múslimar og Króatar séu að mynda and-serbeskt bandalag. Bandarískir embættismenn hafa þó sagt að nú verði reynt til þrautar að fá Serba til að samþykkja að taka þátt í stofnun sambandsríkis í Bosníu. Stjórnararindrekar í

Brússel segja að Rússar verði að reyna að fá Serba til að gefa drauminn um Stór-Serbíu upp á bátinn, á sama hátt og Bandaríkjamenn knúðu króatísku stjórnina til að falla frá áformum sínum um innlimun króatísku svæðanna í Króatíu.

Í friðarviðræðunum á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins var komið fram við Serba af fullmikilli virðingu, því lítið var á þá sem sigurvegara stríðsins. Bandaríkjamenn nálgast málið hins vegar með öðrum hætti.

Peir líta svo á að þótt Serbar hafi nú stór landsvæði á valdi sínu hljóti þeir að tapa þegar til lengri tíma er lítið.

Refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna hafa þegar leikið Serba grátt og haldi svo fram sem hörfir blasir við þeim efnahagslegt hrún. Þróun mála í Bosníu að undanförmu bendir líka til þess að þeir séu farnir að linast. Þeir hafa verið knúðir til að flytja umáturslið sitt frá Sarajevo og fallist á að flugvöllurinn í Tuzla verði opnaður að nýju. Og þegar NATO grandaði fjórum herþotum þeirra á mánudag sættu þeir sig við það, virtust lúpulegir frekar en reiðir.

Þegar Serbar urðu við kröfu NATO og fluttu umsátursliðið frá Sarajevo fögnuðu þeir sigri vegna þess að rússneskir hermenn voru sendir þangað til friðargæslu. Fögnuður þeirra var þó fremur hjákátlegur og ósannfærandi. Koma Rússanna til Sarajevo getur

vart talist mikill sigur fyrir Serba, miklu fremur tækifæri til að gefa eftir án þess að misþjóa stoltinu.

Serbar vita einnig að Rússar geta aðeins veitt þeim takmarkaðan stuðning. Rússneska stjórnin tók málstað þeirra vegna þrýstings þjóðernissinna heima fyrir og er treg til að láta Bosníudeiluna spilla um of samskiptunum við Vesturlönd.

Serbar eru þó til alls vísir og gætu haldið stríðsrekstrinum áfram. Bandarískir embættismenn viðurkenna að erfitt verði að fá þá til að fallast á að stofna sambandsríki með múslimum og Króötum. Takist það ekki er stefnt að því að múslimar og Króatar sameinist í sambandsríki án Serba.

Eru fullar sættir hugsanlegar?

Múslimar og Króatar voru bandamenn þegar stríðið í Bosníu blossaði upp árið 1992 en þeir hafa nú barist sín á milli í hartnær ár. Króatar ákváðu að notfæra sér slæma stöðu múslima vegna bardaga þeirra við Serba til að ná af þeim landsvæðum, sem ætlunin var að innlima í Króatíu. Þessir bardagar hafa haft hörmulegar afleiðingar, heilu þorpin hafa verið lögð í rúst og allir kirkjugarðar fylltust fyrir löngu. Króötum hefur nú snúist hugur en heftin vegna blóðsúthellinganna er orðin slík að erfitt er að ímynda sér að þjóðirnar geti lifað saman í sátt og samlyndi.

Her Bosníustjórnar var að sækja í sig veðrið í stríðinu áður en samið var um vopnahlé og Króatar áttu í vök að verjast. Búist var við að stjórnarherinn myndi blása til stórsóknar með vorinu. Framtíð friðarsamkomulagsins ræðst aðallega af því hvort bosníska stjórninni tekst að fá hermenn sína til að leggja niður vopn – menn sem hafa margir hverjir misst heimili sín og ættingja af völdum króatísku hersevitanna.

Veikleiki samkomulagsins felst ennfremur í því að enn er ósamið um ýmis viðkvæm atriði varðandi skipan hermála í fyrirhuguðu sambandsríki.

Samkomulag múslima og Króata vekur þó vonir um að blóðsúthellingunum í Bosníu fari senn að linna og að skynsemin hafi yfirhöndina. Samkomulagið hlýtur því að vera fagnaðarefni, einkum fyrir meðalgöngumennina, Bandaríkjastjórn sem hefur tekist misjafnlega upp í utanríkisálum til þessa og sætti lengi gagnrýni fyrir vandræðagang í Bosníumálinu.

BAKSVIÐ

eftir Boga Arason

Ljóðleikhúsið

Ljóðadagskrá annað kvöld

FYRSTA mánudag hvers mánaðar hafa verið haldin ljóðakvöld í Þjóðleikhúskjallaranum á vegum hóps ljóðskálda í samvinnu við Þjóðleikhúsið, og verður þeirri starfsemi haldið áfram enn um sinn, enda viðtökur verið einstaklega góðar.

Mánudaginn 7. mars nk. verður Ljóðleikhúsið enn á ferð í Þjóðleikhúskjallaranum með dagskrá um samtímaljóðlist. Skáldin sem þá koma fram eru Jón Hallur Stefánsson, Jónas Þorbjarnarson, Margrét

Lóa Jónasdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Þorsteinn Gylfason. Heiðursgestur Ljóðleikhússins að þessu sinni verður Guðbergur Bergsson og les hann óbirt frumort ljóð, en Viðar Eggertsson leikari les úr fyrstu ljóðabók Guð-

bergs, Endurtekin orð, og Sigurður Skúlason leikari les úr ljóðabálknum Flateyjar-Frey.

Dagskráin hefst kl. 20.30 eins og venja er og er gestum sem fyrr bent á að mæta tímanlega.

LJÓÐASÝNING

MÍÐVIKUDAGINN 2. mars sl. opnaði á Kjarvalsstöðum ljóðasýning sem unnin er í samvinnu við Ríkisútvarpið Rás 1. Að þessu sinni eru sýnd ljóð eftir Ólaf Kárasón.

Í fréttatilkynningu segir: Ólafur Kárasón kom inn á Íslenskt skáldabing með óvenjulegum hætti. Raunar hefur hann aldrei fengið þar öruggt sæti, heldur verið einskonar utangarðsmaður alla tíð. En hann hefur lengi verið Íslendingum hjartfólgið skáld. Þau fáu kvæði hans, sem okkur voru eftir látin, hefur þjóðin gjarnan þulið við ýmis tækifæri því að þau eru óumdeilanlega áleitin og búa yfir sérkennilegu seiðmagni. Tónskáld

hafa dregist að þeim og búið þeim sönglög. Ljóðstíll hans er mótaður af fágætu orðfæri og furðulegu myndmáli. Enginn hefur sem hann þennan óm úr djúpum sálarlífsins og kraftbirtingu guðdómsins. Ólafur Kárasón lést á unga aldri snemma á öldinni, saddur lífdaga eftir dapurlega ævi.

Ljóðasýningin á Kjarvalsstöðum er opin daglega frá kl. 10 til 18 og stendur til sunnudagsins 27. mars.

FAGOR

ÞVOTTAVÉLAR FE54 & FE83



Magn af þvotti 5 kg
Þvottakerfi 17
Hitar síðasta skolvatn
Sér hitastillir 0-90°C
Ryðfrí tromla og belgur
Hraðþvottakerfi
Áfangabeytivinda
Sjálfvirk vatnsmagn
Hæg vatnskæling
Sparneytin
Hljóðlát

FAGOR FE-54 (550 SN/MÍN.)
39.900,- STGR.
AFBORGUNARVERÐ KR. 42.000,-

VINSAMLEGAST ÁTHUGIÐ NÝTT HEIMILISFANG

RÖNNING
BORGARTÚNI 24
SÍMI 68 58 68

Fagor FE-83 (850 sn/mín.)
kr. **48.900,-** stgr.
51.500,- afb.verð.

